

Eignarhaldsfélag
Suðurnesja hf.
Ársreikningur
2025

Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf.
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbæ
kt. 670793-2149

Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf.

Ársreikningur 2025

Efnisyfirlit

Áritun óháðsendurskoðanda	2-3
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-10

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Eignarhaldsfélagi Suðurnesja hf.

Álit

Við höfum höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Eignarhaldsfélags Suðurnesja hf. fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2025, efnahag þess 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Eignarhaldsfélagi Suðurnesja hf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna. Þar með talið, í samræmi við okkar bestu þekkingu, höfum við ekki veitt Eignarhaldsfélagi Suðurnesja hf. óheimilaða þjónustu sem um getur í 1. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Eignarhaldsfélags Suðurnesja hf. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft

Áritun óháðs endurskoðanda

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjanesbær

2026

Deloitte ehf.

Kristján Þór Ragnarsson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Eignarhaldsfélags Suðurnesja hf. fyrir árið 2025 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Starfsemi félagsins felst í að efla atvinnulíf á Suðurnesjum með hlutafjárkaupum í fyrirtækjum, lánveitingum og öðrum þeim hætti, sem eflt gæti atvinnustigið og atvinnulífið með arðsemismarkmið í huga.

Starfsemin á árinu og framtíðarhorfur

Tap Eignarhaldsfélags Suðurnesja hf. á árinu 2025 nam kr. 10.872.178 (2024: Tap 52.416.238). Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 369.772.481 (2024: 381.396.277), bókfært eigið fé í árslok er kr. 368.876.027 (2024: 379.748.205) og er eiginfjárlutfall félagsins um 99,8% (2024: 99,6%).

Hluthafar

Í upphafi og lok ársins voru 38 hluthafar í félaginu:

	Hlutdeild
Ríkissjóður.....	48,13%
Byggðastofnun.....	19,02%
Reykjanesbær.....	14,99%
Festa lífeyrissjóður.....	9,17%
Grindavíkurbær.....	2,77%
Landsbankinn - Hömlur ehf.....	1,96%
Suðurnesjabær.....	3,02%
Sveitarfélagið Vogar.....	0,83%
Eignarhaldsfélagið Gráklettur ehf.....	0,02%
Samtals.....	99,91%

Tillaga til aðalfundar

Stjórn félagsins leggur til að enginn arður verði greiddur á árinu 2025 og tap ársins verði yfirfært til næsta árs, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Eigin hlutir

Félagið á 160.000 eigin hluti í árslok og er nafnverð hvers hlutar ein króna. Engin viðskipti voru á árinu með eigin hluti.

Stjórn og framkvæmdastjóri Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf. staðfestir hér með ársreikning félagsins með undirritun sinni.

Reykjanesbær 2026

Í stjórn

Katrín Oddsdóttir
stjórnarformaður

Guðný Birna Guðmundsdóttir

Guðbjörg Óskarsdóttir

Árni Hinrik Hjartarson

Þorsteinn Júlíus Árnason

Framkvæmdastjóri

Snjólaug Jakobsdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Fjármunatekjur			
Vaxtatekjur og verðbætur útlána		2.256.216	425.268
Vextir og verðbætur bankareikninga		133.466	1.200.283
Arður hlutabréfæignar		320.690	0
Verðbreyting markaðsverðbréfa		12.478.220	21.389.495
		<u>15.188.592</u>	<u>23.015.046</u>
Fjármagnsgjöld			
Vaxtagjöld önnur		(4.216)	(7.340)
Bankakostnaður og þjónustugjöld		(675.014)	(739.431)
		<u>(679.230)</u>	<u>(746.771)</u>
Hreinar fjármunatekjur		<u>14.509.362</u>	<u>22.268.275</u>
Önnur rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld		(2.467.364)	(4.438.237)
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður		(8.914.176)	(6.746.276)
		<u>(11.381.540)</u>	<u>(11.184.513)</u>
Breyting afskriftareiknings útlána og hlutabréfa		<u>(14.000.000)</u>	<u>(63.500.000)</u>
Tap ársins		<u><u>(10.872.178)</u></u>	<u><u>(52.416.238)</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eignir	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
Fastafjármunir			
Fjárfestingarverðbréf	6	67.637.958	81.637.958
Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur		14.706.240	18.120.145
		<u>82.344.198</u>	<u>99.758.103</u>
Veltufjármunir			
Næsta árs og gjaldfallnar afborganir skuldabréfaeignar		12.105.888	9.917.454
Aðrar skammtímakröfur		2.669.295	3.103.118
Markaðsverðbréf	6	270.276.315	267.502.852
Sjóður og bankainnstæður		2.376.785	1.114.750
		<u>287.428.283</u>	<u>281.638.174</u>
Eignir		<u>369.772.481</u>	<u>381.396.277</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hlutfé	7	508.890.000	508.890.000
Óráðstafað eigið fé		(140.013.973)	(129.141.795)
Eigið fé		<u>368.876.027</u>	<u>379.748.205</u>
Skammtímaskuldir			
Aðrar skammtímaskuldir		896.454	1.648.072
		<u>896.454</u>	<u>1.648.072</u>
Skuldir		<u>896.454</u>	<u>1.648.072</u>
Eigið fé og skuldir		<u>369.772.481</u>	<u>381.396.277</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		(25.381.540)	(74.684.513)
Framlag í afskriftareikning útlána og hlutabréfa		14.000.000	63.500.000
Veltufé (til), frá rekstri án vaxta og skatta		(11.381.540)	(11.184.513)
Aðrar rekstartengdar eignir, lækkun		0	363.923
Rekstartengdar skuldir (lækkun), hækkun		(751.618)	1.648.072
Handbært fé til rekstrar án vaxta og skatta		(12.133.158)	(9.172.518)
Innborgaðir vextir og arður		15.900.789	1.132.070
Greiddir vextir		(679.230)	(746.771)
Handbært fé (til), frá rekstri		3.088.401	(8.787.219)
Fjárfestingahreyfingar			
Keypt/seld skuldabréf		0	(19.800.000)
Afborganir skuldabréfa		2.151.357	0
Keypt/seld markaðsverðbréf		(3.977.723)	23.619.115
		(1.826.366)	3.819.115
Fjármögnunarhreyfingar			
		0	0
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		1.262.035	(4.968.104)
Handbært fé í upphafi árs		1.114.750	6.082.854
Handbært fé í lok árs		2.376.785	1.114.750

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf. er einkahlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf. er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Tjarnargötu 12, 230

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2025	2024
Laun	1.981.880	3.724.257
Lífeyrissjóður	227.915	428.034
Önnur launatengd gjöld	142.569	267.799
	<u>2.467.364</u>	<u>4.438.237</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	0,5	0,5

5. Tekjuskattur

Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts á árinu 2026 þar sem tekjuskattsstofn félagsins er neikvæður.

6. Fjárfestingaverðbréf

	Nafnverð	Kaupverð	2025	2024
DMM Lausnir ehf.	320.690	17.648.950	20.000.000	20.000.000
ORF Líftækni hf.	470.390	27.047.448	10.818.970	10.818.970
Bioeffect hf.	705.586	4.600.000	16.228.478	16.228.478
Matorka ehf.	4.335.260	30.000.000	30.000.000	30.000.000
Tara Mar ehf.	103.042	40.000.000	40.000.000	40.000.000
GeoCilica ehf.	428.569	30.000.000	30.000.000	30.000.000
Garðskagi ehf.	947.643	10.000.000	10.000.000	10.000.000
Arctic Sea Minerals ehf.	95.395	15.000.000	15.000.000	15.000.000
Little Brugghúsið	51.000	10.000.000	10.000.000	10.000.000
Skipasmíðastöð Njarðvíkur	2.500.000	10.000.000	10.000.000	10.000.000
Vogasjóferðir ehf.	50.000	4.000.000	4.000.000	4.000.000
Samtals			<u>196.047.448</u>	<u>196.047.448</u>
Reikningshaldsleg afskrift			<u>(128.409.490)</u>	<u>(114.409.490)</u>
			<u>67.637.958</u>	<u>81.637.958</u>

7. Eigið fé

Hlutfé greinist þannig:

	Hlutir	Hlutfall	Fjárhæð
Heildarhlutfé í árslok	509.050.000	100,03%	509.050.000
Eigin hlutir í árslok	(160.000)	-0,03%	(160.000)
	<u>508.890.000</u>	<u>100%</u>	<u>508.890.000</u>

Útgefnir hlutir í lok ársins eru alls 509.050.000 og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Hver króna nafnverðs jafngildir einu atkvæði.

Eigið fé greinist þannig:

	Hlutfé	Gangvirðis- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2024	508.890.000	0	(76.725.557)	432.164.443
Gangvirðisbreyting		0	0	
Hagnaður/(tap) árs.			(52.416.238)	(52.416.238)
Eigið fé 1.1.2025	508.890.000	0	(129.141.795)	379.748.205
Hagnaður/(tap) árs.			(10.872.178)	(10.872.178)
Eigið fé 31.12.2025	<u>508.890.000</u>	<u>0</u>	<u>(140.013.973)</u>	<u>368.876.027</u>

8. Tekjuskattseign

	Inneign / (skuldbinding)	
	2025	2024
Staða í ársbyrjun	2.545.922	4.766.855
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins	(629.844)	(2.220.933)
Staða í árslok	<u>1.916.078</u>	<u>2.545.922</u>

Tekjuskattsinneign er ekki færð til eigna af varúðarsjónarmiðum. Tekjuskattseign/(-skuldbinding) greinast þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

	31.12.2025	31.12.2024
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi	1.916.078	2.545.922
	<u>1.916.078</u>	<u>2.545.922</u>

Yfirfæranlegt skattalegt tap nýtist til frádráttar skattalegum hagnaði í síðasta lagi sem hér segir:

	31.12.2025	31.12.2024
Frá hagnaði ársins 2034 / 2033	6.414.485	9.563.705
Frá hagnaði ársins 2035 / 2034	3.165.905	3.165.905
	<u>9.580.390</u>	<u>12.729.610</u>

9. Reikningsskilaaðferðir

Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til.

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattseign er metin á reikningskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum, t.d. skráð á opinberu verðbréfaþingi. Matsbreytingar eru færðar á gangvirðisreikning meðal eigin fjár á því tímabili þegar þær verða til. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirðið með áreiðanlegum hætti eru fjárfestingaverðbréfin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.